

MÍÐV. 7. JÚLÍ 1999.



Fisvélar á flug- módelvell- inum

Fólk sem leið átti út í Garð á sunnudagskvöldið rak í roga-stans, þegar það sá tvær fis-flugvélar lenda á flugmódelvellinum í Grófinni.

Það voru þeir Jóhann G. Jóhannsson og Bjarni Sveinsson sem gerðu tilraun með að lenda fisvélunum á brautunum sem áhugamenn um flugmótél

hafa komið sér upp í Grófinni. Og fisvélar geta lent á þessum velli.

Áhugamenn um fisvélar eru nokkrir hér á Suðurnesjum og að sögn þeirra Jóhanns og Bjarna er gífurlega gaman að fljúga þessum léttu vélum! Flestar eru þær ekki nema 150 kg að þyngd, eins eða tveggja

manna og menn setja þær saman sjálfir!

Ekki hefur farið mikið fyrir fisvélum hér en ef dæma á eftir áhuga þeim sem var hjá þeim fjölda fólk sem fylgdist með á sunnudagskvöldið er ekki langt að bíða þess að þeim fjölgi sem fljúga fisvélum á Suðurnesjum.

